

# Áfangalýsing

|                                                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
|--------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Titill</b>                                    | <b>Hármótun 4</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| <b>Námsgrein</b>                                 | Hármótun                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| <b>Viðfangsefni</b>                              |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| <b>Skammstöfun</b>                               | HMÓT3HG06                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| <b>Staða</b>                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| <b>Þrep</b>                                      | 3                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| <b>Einingafjöldi</b>                             | 4                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| <b>Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla</b> | HMÓT3HG06                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| <b>Lýsing</b>                                    | <p>Nemandi nýtir sér áunna færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð í mótun á blautbylgjum og klípum ásamt úrgreiðslu. Leitast er við að efla listrænan skilning á handverkinu sem nýtist nemandanum við hinar ýmsu aðstæður. Nemandinn öðlast aukna færni í klassískum dömublastri auk ýmiskonar tiskublásturs. Unnið er með ýmsar hárlengdir og form. Nemandinn kynnist og notar ýmis blásturs- og hármótunarefni og hitajárn þar sem við á. Nemandinn kynnist mismunandi tímabilum í sögu hárgreiðslu og lærir að útfæra greiðslur eftir ljósmyndum auk þess sem samfélagsmiðlar eru notaðir til hugmyndarvinnu. Nemandinn þjálfast í að leysa ólík verkefni sem lögð eru fyrir hann Verkefnin unnin á æfingarhöfuð og módel</p> |
| <b>Forkröfur</b>                                 | HMÓT2HG04                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| <b>Þekkingarviðmið</b>                           | <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• mismunandi aðferðum við að ná fyrirfram ákveðnu blástursformi.</li><li>• að blása stífan rúllublástur í ákveðið form.</li><li>• mismunandi áhöldum og efnum til blásturs.</li><li>• ýmsu upprúlli og úrgreiðslum miðað við fyrirhugaða útkomu.</li><li>• mismunandi stíl og stílbrigðum á hárgreiðslum.</li><li>• áhöldum og efnum sem notuð eru við hárgreiðslur.</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| <b>Leikniviðmið</b>                              | <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• blása hár í fyrirfram ákveðin form.</li><li>• blása stífan dömublástur.</li><li>• blása tiskublástur.</li><li>• útfæra mismunandi bylgju- og tímabilagreiðslur.</li><li>• móta blautbylgjur í mismunandi útfærslum.</li><li>• nota samfélagsmiðla til hugmyndarvinnu og kynninga.</li><li>• velja viðeigandi hármótunarefni fyrir blástur og eftirmeðhöndlun.</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| <b>Hæfniviðmið</b>                               | <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• blása/forma hár í mismunandi form.</li><li>• sjá út og framkvæma þann blástur sem hæfir viðskiptavini.</li><li>• velja mótunarefni við hæfi.</li><li>• útfæra ólíkar greiðslur fyrir mismunandi hárgerðir og – lengdir.</li><li>• kynna hugmyndir sínar á ýmsa vegu.</li><li>• ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| <b>Námsmat</b>                                   | Símat                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |

|             |  |
|-------------|--|
| Útgáfunúmer |  |
| Skólar      |  |
| Fyrirmynd   |  |